

B-listi Framsóknarflokks

Hér fyrir neðan er stutt og einföld samantekt á því hvernig Framsókn í Árborg fjallar um málefni innflytjenda og fjölmenningar. Markmiðið er að setja fram helstu áherslur á skýran hátt, sérstaklega um þjónustu, aðgengi og þátttöku íbúa af erlendum uppruna. Samantektin byggir á stefnuskrá framboðsins og dregur fram bæði það sem kemur beint fram þar og almennar áherslur sem hafa áhrif á þennan hóp.

Það sem kemur beint fram í stefnuskránni:

- Tryggja að íbúar af erlendum uppruna hafi fastan vettvang þar sem þeir geta haft áhrif og tekið þátt í stefnumótun sveitarfélagsins
- Bæta úrræði í skólum fyrir börn með ólíkan bakgrunn og mismunandi þarfir
- Tryggja að allir íbúar hafi aðgang að menningu og listum, óháð uppruna
- Styðja við og efla fjölmenningarviðburði í samfélaginu

Almennar áherslur:

- Bæta þjónustu og þátttöku fyrir alla íbúa
- Gera upplýsingar skýrari og aðgengilegri
- Einfalda samskipti við sveitarfélagið
- Tryggja jafnt aðgengi að þjónustu og stytta biðtíma
- Auka samráð við íbúa og gefa fólki meiri möguleika til að hafa áhrif
- Styðja þátttöku barna og fjölskyldna í skóla, íþróttum og frístundum

Í stuttu máli:

Framboðið vill byggja upp samfélag fyrir alla þar sem fólk af erlendum uppruna getur tekið virkan þátt. Áhersla er lögð á að bæta þjónustu, aðgengi og samskipti við íbúa, með það að markmiði að tryggja að íbúar með fjölbreyttan bakgrunn fái fleiri tækifæri til að hafa áhrif og taka þátt í samfélaginu.

Hvar er hægt að nálgast upplýsingar:

Kosningaskrifstofan okkar á Austurvegi 35 er opin alla virka daga frá kl. 16:00–19:00. Allir íbúar eru hjartanlega velkomnir að koma og eiga samtali við frambjóðendur.

Við munum einnig auglýsa sérstaklega á Facebook-síðu okkar, Framsókn í Árborg, opnunartíma sem eru sérstaklega ætlaðir fólki með erlendan bakgrunn en árétum að allir eru alltaf velkomnir á opnunartíma.

Við munum leggja okkur fram við að þýða stefnuskrána á fleiri tungumál á næstu dögum til að gera hana aðgengilegri fyrir fleiri íbúa.

English:

Below is a short and simple summary of how Framsókn in Árborg addresses issues related to immigrants and cultural diversity. The aim is to present the main priorities

clearly, especially regarding public service, accessibility and participation of residents of foreign origin.

The summary is based on the party's platform and highlights both what is explicitly stated there and general priorities that affect this group.

What is explicitly stated in the platform:

- Ensure that residents of foreign origin have a formal platform where they can have a voice and participate in municipal policymaking
- Improve support in schools for children with diverse backgrounds and different needs
- Ensure that all residents have access to culture and arts, regardless of origin
- Support and promote multicultural events in the community

General priorities:

- Improve public service and participation for all residents
- Make public information clearer and more accessible
- Simplify communication with the municipality
- Ensure equal access to public service and reduce waiting lists
- Strengthen direct communication with residents and give people more opportunities to have a say
- Support participation of children and families in schools, sports, and leisure activities

In short:

The party Framsókn aims to build a community for everyone, where people of foreign origin can actively participate. The focus is on improving public service, accessibility, and communication, with the goal of ensuring that people from diverse backgrounds have more opportunities to influence and take part in the community.

Where to access information:

Our campaign office at Austurvegur 35 is open on weekdays from 16:00–19:00. All residents are more than welcome to visit and speak with the candidates.

We will also advertise on our Facebook page, Framsókn in Árborg, specific opening hours intended for people of foreign origin. However, we emphasize that everyone is always welcome during our opening hours.

We will make an effort to translate our platform into more languages in the coming days to make it accessible to more residents.

C-listi Viðreisnar

Hvort og með hvaða hætti málefni innflytjenda og fjölmennningar koma fram á stefnuskrá framboðsins?

Við í Viðreisn í Árborg viljum tryggja að allir einstaklingar sitji við sama borð og njóti sömu tækifæra óháð uppruna.

Hvaða aðgerðir eða áherslur framboðið hyggst setja í forgang til að bæta þjónustu, aðgengi og þátttöku íbúa af erlendum uppruna?

Til þess að innflytjendur geti nýtt sér þá þjónustu sem er í boði í sveitarfélaginu þarf að byrja á því að tryggja að upplýsingar séu aðgengilegar fyrir alla. Það er því mikilvægt að auglýsa þjónustuna vel og á sem flestum tungumálum.

Hvernig framboðið hyggst vera aðgengilegt innflytjendum, t.d. varðandi upplýsingagjöf, samskipti og þátttöku í kosningum og aðdraganda kosninga?

Stefnan er að halda viðburð á kosningaskrifstofu framboðsins í aðdraganda kosninga þar sem við munum miðla upplýsingum til kjósenda og hvetja til þátttöku.

Hvort framboðið hyggst sérstaklega reyna að ná til fólks af erlendum uppruna í kosningabaráttunni og þá hvernig?

Fólk af erlendum uppruna er ört stækkandi kjósendahópur hér í Árborg og því mikilvægt að ná til þeirra og að sama skapi að rödd þeirra heyrist. Við munum leggja sérstaka áherslu á að hlera hvað fólki af erlendum uppruna liggur á hjarta fyrir kosningarnar.

Við þetta má bæta að sérstaklega teljum við mikilvægt að efla upplýsingagjöf til foreldra til að auka þátttöku barna í íþrótt og tómstundum, enda er það mikilvægt lýðheilsu og jafnréttismál. Við þekkjum dæmi úr öðru sveitafélagi þar sem þátttaka barna og ungmenna af erlendum uppruna var einungis 14% í skipulögðu íþrótt og tómstundastarfi samanborið við 80% íslenskra barna. Með samstilltu átaki og bættri upplýsingagjöf náðist að auka það hlutfall til muna og teljum við nauðsynlegt að ráðast í sambærilegar aðgerðir hér í Árborg

English:

Immigration and Multicultural Affairs in Policy

Viðreisn in Árborg aims to ensure that all individuals sit at the same table and enjoy equal opportunities, regardless of their origin.

Actions and Priorities to Improve Services and Participation

To ensure that immigrants can make use of the services available in the municipality, the first step is to guarantee that information is accessible to all. It is therefore important to actively promote municipal services and provide information in multiple languages.

Access to Information, Communication, and Participation

The party plans to host an event at its campaign office in the run-up to the elections, where information will be shared with voters and participation will be encouraged.

Reaching Residents of Foreign Origin

People of foreign origin are a rapidly growing voter group in Árborg, and it is important both to reach them and to ensure their voices are heard. Viðreisn will place special emphasis on listening to the concerns of residents of foreign origin ahead of the elections.

In addition, the party considers it particularly important to strengthen information for parents to increase children's participation in sports and recreational activities, as this is both a public health and an equality issue. Examples from other municipalities show that participation among children of foreign origin can be significantly increased through coordinated efforts and improved information, and similar actions are considered necessary in Árborg.

D-listi Sjálfstæðisflokks

Málefni innflytjenda og fjölmennningar í stefnu

Sjálfstæðisflokkurinn í Árborg leggur áherslu á jafnrétti, fjölbreytileika og að samfélagið taki öllum vel. Við viljum byggja eigi upp samfélag þar sem allir hafa jöfn tækifæri og fjölbreytileiki er virtur. Einnig leggjum við áherslu á aðgengi, þátttöku og sterka grunnþjónustu fyrir alla íbúa.

Aðgerðir og áherslur til að bæta þjónustu og þátttöku

- Bætt aðgengi að opinberum byggingum og þjónustu sveitarfélagsins
- Styrking stafrænnar þjónustu og upplýsingagjafar (vefur, samfélagsmiðlar, stafrænar lausnir)
- Aukin þátttaka íbúa með reglulegum íbúafundum og samráði
- Efling velferðarþjónustu, sérstaklega fyrir börn, ungmenni og viðkvæma hópa
- Stuðningur við menningu og samfélagsstarf, sem stuðlar að þátttöku og tengslamyndun
- Áhersla á menntun, frítíma og íþróttir fyrir alla, óháð bakgrunni

Aðgengi að upplýsingum, samskipti og þátttaka

Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á:

- Skýra og aðgengilega upplýsingagjöf í gegnum uppfærðan vef og virka samfélagsmiðla
- Stafræna umbreytingu sem auðveldar samskipti við íbúa
- Virkt samráð við íbúa með reglulegum fundum og þátttöku í stefnumótun

English:

Immigration and Multicultural Affairs in Policy

The Independence Party in Árborg emphasizes equality, diversity, and a community that welcomes everyone. We aim to build a society where all residents have equal opportunities and where diversity is respected. We also place strong emphasis on accessibility, participation, and robust core services for all residents.

Actions and Priorities to Improve Services and Participation

- Improve accessibility to public buildings and municipal services
- Strengthen digital services and information provision (website, social media, digital solutions)
- Increase resident participation through regular community meetings and consultation
- Enhance welfare services, especially for children, youth, and vulnerable groups

- Support culture and community activities that promote participation and social connections
- Emphasize education, leisure, and sports opportunities for all, regardless of background

Access to Information, Communication, and Participation

The Independence Party emphasizes:

- Clear and accessible information through an updated municipal website and active social media channels
- Continued digital transformation to facilitate communication with residents
- Active consultation with residents through regular meetings and participation in policymaking

S-listi Samfylkingarinnar og óháðra

Samfylking og óháðir taka fram að það eigi að lyfta upp blómlegri fjölmenningu sem er í sveitarfélaginu með fjölmenningshátíð og halda fjölmenningsþing samhliða. Veita íbúum af erlendum uppruna viðeigandi stuðning með inngildandi nálgun þannig að auðveldara verði fyrir þá íbúa að festa rætur og taka virkan þátt í samfélaginu. Við viljum setja þetta í algjöran forgang því á svona fjölmenningsþingi er hægt að tala um málefni innflytjenda og fólks af erlendum uppruna. Taka umræðuna um þessi málefni en þarna er einmitt vettvangur sem síðan er hægt vinna áfram í samvinnu við fólk af erlendum uppruna. Við ætlum einnig að gefa út stefnuskrá okkar á íslensku, ensku og pólsku til þess að hún sé aðgengilegri öllum og þannig vonandi náum við til þess fólks betur sem er af erlendum uppruna.

English:

Samfylking og óháðir emphasize the importance of uplifting the thriving multicultural community within the municipality by hosting a multicultural festival and holding a multicultural assembly alongside it. Residents of foreign origin should receive appropriate support through an inclusive approach, making it easier for them to settle and be an active part of the community. We want to make this an absolute priority, because a multicultural assembly provides a platform to discuss the issues that concern immigrants and people of foreign origin. It creates a space for these conversations and a foundation for continued collaboration with people of foreign backgrounds. We also plan to publish our policy platform in Icelandic, English, and Polish to ensure it is accessible to everyone, and hopefully reach foreign-born residents more effectively.